

# STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 2002

Nr. 193

434

14. mars 2002

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, Suðurhlíð 38.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. mars 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóðinni nr. 38 við Suðurhlíð er breytt úr stofn-  
anasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til stað-  
festingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 14. mars 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

Nr. 194

14. mars 2002

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

*Suðurhlíð 38, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 19. febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi varðandi lóðina nr. 38 við Suðurhlíð. Í breytingunni felst m.a. að heimilt verður að byggja á lóðinni íbúðarhús á fjórum hæðum, með allt að 46 íbúðum, í stað þeirra bygginga sem þar voru áður.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 14. mars 2002.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**